

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Útboð á snjóhreinsun og hálkueyðingu í Mosfellsbæ – opnun tilboða

Dags: 12.9.2024

Málsnúmer: 202405205

Sendandi: Dóra Lind Pálmarsdóttir, leiðtogi umhverfis og framkvæmda

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð heimili umhverfissviði að ganga til töku tilboða vegna útboða á vetrarþjónustu (snjóhreinsun og hálkueyðing) að því gefnu að kröfur útboðsgagna séu uppfylltar. Um var að ræða tvö útboð og er gert ráð fyrir þriggja ára samningstíma í hverjum flokki fyrir sig eða frá 2024-2027 með möguleikanum á að framlengja samningnum um tvö ár, eitt ár í senn.

Fyrir útboðshluta 1 – *Vetrarþjónusta stofn- og tengibrauta í Mosfellsbæ*, var ÍGF – Íslenska Gámafélagið ehf. lægstbjóðandi með heildartilboðsfjárhæð kr. 174.300.000 eða um 68% af kostnaðaráætlun. Heildartilboðsfjárhæð miðast við heildarsamningstímann eða þrjú ár eða kr. 58.100.000 á ári.

Fyrir útboðshluta 2 – *Vetrarþjónusta húsgatna og bílaplana stofnana í Mosfellsbæ*, var Malbikstöðin ehf. lægstbjóðandi með heildartilboðsfjárhæð kr. 144.900.000 eða um 51% af kostnaðaráætlun. Heildartilboðsfjárhæð miðast við heildarsamningstímann eða þrjú ár eða kr. 48.300.000 á ári.

Niðurstaða útboðs er lægri en kostnaðaráætlanir gerðu ráð fyrir og rúmast því vel innan fjárhagsáætlunar þessa málaflokks.

Greinargerð:

Á 1632. fundi bæjarráðs þann 4. júlí 2024 heimilaði bæjarráð umhverfissviði að undirbúa útboð á vetrarþjónustu í Mosfellsbæ.

Samningar vegna vetrarþjónustu í Mosfellsbæ runnu út vorið 2024. COWI Ísland ehf. verkfræðistofa vann útboðsgögn og kostnaðaráætlun. Vinnan var unnin með það að leiðarljósi að tryggja áfram góða vetrarþjónustu ásamt því að bæta þjónustu í húsgötum. Ástæða þess að vetrarþjónustu var skipt upp í tvö útboð er að mismunandi tæki og verktaka þarf til þess að sinna þjónustunni.

Í útboðinu var gert ráð fyrir að gildistími samnings vegna útboðshluta 1 og 2 sé frá 2024-2027 (3 ár) með möguleikanum á að framlengja samningum um tvö ár, eitt ár í senn.

Þann 11. september 2024 sá COWI um opnun tilboða.

Í **útboðshluta 1 – *Vetrarþjónusta stofn- og tengibrauta*** - sóttu fjórir aðilar um að taka þátt en tveir aðilar, Sigurður Bjarni Sigurðsson og Garðlist ehf. lögðu ekki fram tilboð. Þeir tveir aðilar sem sendu inn tilboð voru: Íslenska Gámafélagið ehf. og Malbikunarstöðin Höfði hf.

Niðurstöðu opnunar má sjá hér fyrir neðan:

Eftirfarandi tilboð bærust	Tilboðsupphæð		
1 Íslenska Gámafélagið ehf	kr	174.300.000	68,1%
2 Malbikunarstöðin Höfði hf	kr	216.000.000	84,4%
Kostnaðaráætlun	kr	255.900.000	100,0%

Í **útboðshluta 2 – Vetrarþjónusta húsgatna og bílaplana stofnana** – sóttu níu aðilar um að taka þátt en tveir aðilar, Sigurður Bjarni Sigurðsson og Íslenska Gámafélagið lögðu ekki fram tilboð. Eftirtaldir sjö aðilar sendu inn tilboð: Fagurverk, Garðþjónusta Sigurjóns ehf., Garðlist ehf., Hellufoss ehf., Malbikstöðin ehf., Tjaldhóll ehf. og Vargur ehf.

Niðurstöðu opnunar má sjá hér fyrir neðan:

Eftirfarandi tilboð bærust	Tilboðsupphæð		
1 Fagurverk ehf			
Útboðshluti 1	kr	53.880.000	56,7%
Útboðshluti 2	kr	53.880.000	56,7%
Útboðshluti 3	kr	53.880.000	56,7%
2 Garðþjónusta Sigurjóns ehf			
Útboðshluti 1	kr	53.059.200	55,8%
Útboðshluti 2	kr	53.059.200	55,8%
3 Garðlist ehf			
Útboðshluti 1	kr	53.520.000	56,3%
Útboðshluti 2	kr	53.880.000	56,7%
Útboðshluti 3	kr	59.880.000	63,0%
4 Hellufoss ehf			
Útboðshluti 1	kr	52.230.000	55,0%
Útboðshluti 2	kr	50.430.000	53,1%
Útboðshluti 3	kr	58.770.000	61,8%
5 Malbikstöðin ehf			
Útboðshluti 1	kr	48.300.000	50,8%
Útboðshluti 2	kr	48.300.000	50,8%
Útboðshluti 3	kr	48.300.000	50,8%
6 Tjaldhóll ehf			
Útboðshluti 3	kr	86.210.400	90,7%
7 Vargur ehf			
Útboðshluti 1	kr	74.580.000	78,5%
Útboðshluti 2	kr	70.320.000	74,0%
Útboðshluti 3	kr	56.400.000	59,3%
Kostnaðaráætlun			
Útboðshluti 1	kr	95.040.000	100,0%
Útboðshluti 2	kr	95.040.000	100,0%
Útboðshluti 3	kr	95.040.000	100,0%



Tilboðsfjárhæðir eru birtar með fyrirvara um yfirferð tilboða með tilliti til hæfis bjóðenda og rétta útreikninga í tilboðsskrá. Tilboð allra bjóðenda eru nú yfirfarin af COWI með tilliti til þessa og verður niðurstaða útboðs tilkynnt í kjölfarið að því gefnu að bæjarráð heimili umhverfisviði að ganga til töku tilboða.

Virðingarfyllt,

Dóra Lind Pálmarsdóttir, leiðtogi umhverfis og framkvæmda